

Um bókina *Leikum, lærum, lifum*

Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar). (2016). *Leikum, lærum, lifum: Um grunnþætti menntunar í leikskólastarfi*. Reykjavík: RannUng og Háskólaútgáfan. 271 bls.

Tilurð bókarinnar verður beint rakin til starfendarannsóknar sem fór fram í fimm sveitarfélögum og ber heitið: *Leikum, lærum, lifum*. Bókin er fag- og fræðibók um uppeldi og menntun ungra barna. Hún kom út á haustdögum 2016 og er gefin út af RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna) og Háskólaútgáfunni. Ritstjórar eru Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. Bókin er ætluð kennaranemum, kennurum og starfsfólki í leik- og grunnskólum, þeim sem móta stefnu í skólamállum og öðrum þeim sem láta sig menntun yngstu borgaranna varða.

Kveikjan að starfendarannsókninni *Leikum, lærum, lifum* var umræða milli RannUng og leikskólafulltrúa úr Kraganum (úr Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og af Seltjarnarnesi) þar sem fram kom áhugi á að þróa í sameiningu verkefni um tengsl leiks og náms. Í framhaldinu var gerður þriggja ára samningur milli RannUng og sveitarfélaganna. Ákveðið var í upphafi að gera starfendarannsókn í einum leikskóla í hverju sveitarfélagi, fimm leikskólum í allt. Allir leikskólustjórar í viðkomandi sveitarfélögum gátu sótt um að taka þátt, en síðan var valið úr umsóknum eftir ákveðnum viðmiðum. Markmið rannsóknarinnar var að virkja samspil milli leiks og náms í leikskólum og varpa ljósi á og styðja starfsaðferðir leikskólakennara sem hugðust þróa aðferðir í anda núgildandi stefnumótunar aðalnámskrár.

Bókinni er skipt upp í 10 kafla, sem fjalla flestir um starfendarannsóknir í leikskólunum fimm. Í upphafskafla bókarinnar er fjallað um gildi starfendarannsóknar og þátttöku meistaranema í starfendarannsókninni *Leikum, lærum, lifum*. Fimm kaflar fjalla síðan um markmið, framkvæmd, skipulag og niðurstöður hvernar starfendarannsóknar fyrir sig í leikskólunum sem tóku þátt í rannsókninni. Í hverjum leikskóla var lögð áhersla á einn tiltekinn þátt sem tengist grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla. 2. kafli er um heilbrigði og vellíðan, í 5. kafla er sjónum beint að leiknum og sköpun, 6. kafli gerir grein fyrir leikskóla til lýðræðis, 8. kafli er um sjálfbærni og vísindi og í 9. kafla er gerð grein fyrir námssviðinu læsi og samskipti. Auk þessa eru í bókinni kaflar sem tengjast tveimur námssviðanna, þ.e. 3. kafli sem fjallar um flæðiástand sem tengist vellíðan, 4. kafli um sköpun og 7. kafli um jafnrétti í leikskólastarfi. Í lokakaflanum er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins og fjallað um gildi þeirra fyrir stefnumótun ríkis og sveitarfélaga, börn, leikskólakennara og leikskólastarf.

Það má segja að 1. kafli sé undirbúningur fyrir lestur kaflanna sem þar fara á eftir. Hann fjallar einkum og sér í lagi um framkvæmd rannsóknarinnar *Leikum, lærum, lifum*, en einnig almennt um skipulag og framkvæmd starfendarannsókna, undirbúning og gagnaöflun. Gagnlegt er fyrir lesandann að fá strax í fyrsta kafla lýsingu á markmiðum og skipulagi starfendarannsóknarinnar áður en lengra er haldið, því þar er fjallað um starfendarannsóknir og samstarfsrannsóknir og þær áskoranir sem þarf að mæta í rannsóknum af þessu tagi. Mjög athyglisvert og fróðlegt var að lesa um sjónarmið og reynslu meistaranemanna sem tóku þátt í starfendarannsókninni. Kafllinn gefur innsýn í heim rannsakendanna og þær faglegu og fræðilegu áskoranir sem þeir standa frammi fyrir.

Í nokkrum tilfellum hefði mátt stytta kaflana og sleppa t.d. skýringum á starfendarannsóknum en vísa þess í stað í 1. kafla. Þarna ber of mikið á endurtekningum sem geta þeytt lesendur. Þá eru í upphafi flestra kaflanna margar tilvitnanir í aðalnámskrá – grunnþættina og námssviðin og spurning hvort þetta hafi verið nauðsynlegt fyrir hvern kafla. Ef til vill hefði farið betur á því að vera með einn kafla um þessa þætti og vísa í hann.

Það hefði einnig verið upplýsandi að hafa inngangskafla í upphafi bókarinnar þar sem hver kafli hefði verið útskýrður í nokkrum orðum og flæðið eða tengingin milli kaflanna útskýrð. Þetta kemur reyndar fram í lokakaflanum en það hefði verið gagnlegt fyrir lesandann að fá skýringu á uppröðun kaflanna strax í upphafi. Kafllarnir sem byggðir eru á sjálfri starfendarannsókninni *Leikum, lærum, lifum* eru t.d. ekki í samfelldri röð, og það kann að trufla suma lesendur. Einnig hefði í slíkum inngangskafla mátt skýra betur hvers vegna og hvernig ákveðnir þættir voru valdir umfram annað efni sem tengist grunnþáttum menntunar og námssviðunum. Á hinn bóginn er þægilegt og gagnlegt fyrir lesandann að hafa útdrátt eftir hvern kafla.

Hugtaka- og orðanotkun er á stundum á reiki, sem dæmi eru orðin barn og nemandi notuð mjög óskipulega, eins og sumir höfundanna hafi ekki gert það upp við sig hvaða orð þeir ætluðu að nota í sínum kafla. Þannig er ýmist talað um börn, nemendur og jafnvel krakka.

Leikurinn og sjónarmið barna eru þungamiðja rannsóknarinnar. Athyglisvert var að lesa um leiðir til að þróa val barnanna í einum leikskólanum. Þar var leitað nýrra leiða til að börnin nytu sín í leik á eigin forsendum og var niðurstaðan sú að breyta valinu til að koma betur á mótis við vilja og áhuga barnanna og jafnvel að sleppa valinu alfarið.

Á heildina litið er bókin mjög fróðleg fyrir bæði fræði- og fagfólk sem starfar við kennslu og hagnýt sem handbók fyrir nemendur í kennaranámi. Bókin lýsir mjög vel uppbyggingu leikskólastarfs í ýmsum myndum og frá mismunandi sjónarhornum. Kennarar og annað starfsfólk í leikskólum og grunnskólum ætti að geta nýtt sér það efni sem hér er sett fram, m.a. til þess að fara af stað með starfendarannsókn í eigin leikskóla og/eða gera tilraun með að breyta starfinu með börnunum út frá hugmyndum sem hér koma fram.

Foreldrar og aðrir áhugamenn um uppeldi- og menntun barna, svo sem sveitarstjórnir og stjórnámálamenn, eiga að geta tekið sér bókina í hönd og lesið sér til fróðleiks um þessa starfsemi, sem samfélagið treystir á að fram fari í þágu barna. Starf þar sem virðing er borin fyrir börnum og ákvörðunarrétti þeirra.

Starfendarannsóknir hafa verið notaðar í auknum mæli innan skólasamfélagsins og er útgáfa bókarinnar mjög gagnleg fyrir þá sem vilja kynna sér út á hvað slíkar rannsóknir ganga. Bókin er einnig vel til þess fallin að vekja áhuga fagfólks og vekur vonandi forvitni

Þess og löngun til að nýta sér ýmsar þær aðferðir sem notaðar hafa verið í skólunum sem tóku þátt í *Leikum, lærum, lifum*. Við lestur bókarinn gæti kviknað áhugi meðal kennara á að taka þátt í starfendarannsóknnum og/eða hafa frumkvæði að því að fara af stað með slíka rannsókn innan eigin skóla. Enda er markmið slíkrar rannsóknaraðferðar að kennarar skoði og bæti eigið starf og afli sér nýrrar þekkingar sem nýtist ekki eingöngu þeim sem tóku þátt, heldur skólastarfinu og samfélaginu í heild

Markmið rannsóknarinnar var að þróa tengsl leiks og náms í leikskólum í samræmi við þá stefnu sem hefur verið mörkuð í Aðalnámskrá leikskóla. Í lokakaflanum eru dregnar fram niðurstöður *Leikum, lærum, lifum* og fjallað um gildi rannsóknarinnar. Þær eru vel settar fram og auðvelt fyrir leika sem lærða að kynna sér þær. Þar kemur m.a. fram að með rannsókninni hafi ljósi verið varpað á þátttöku barna og að fullorðnum þátttakendum í rannsókninni hafi sífellt orðið það betur ljóst hversu mikla getu og hæfni leikskólabörn hafa til að bera. Starfsfólk leikskóla er hvatt til að halda sjónarmiðum barna á lofti og hafa samráð við þau um málefni sem þau varða.

Taka má undir lokaorðin í inngangi bókarinnar þar sem segir: „Virk þátttaka barna í íslensku samfélagi er ekki aðeins mikilvæg fyrir þau, heldur líka fyrir samfélagið í heild og finna þarf aðferðir til að efla slíka þátttöku barna. Bók þessi veitir margvísleg svör og dæmi um lærdómssamfélag leikskóla og hvernig það getur stuðlað að valdeflingu barna“ (bls. 9).

UM HÖFUNDINN

Hildur Skarphéðinsdóttir (hildurskarphedinsdottir@gmail.com) er fyrrverandi skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún lauk prófi sem leikskólakennari 1972, diplóma í stjórnun 1988 og meistaraþáttu, M.Sc., í Early Education frá University of Strathclyde í Glasgow 2002. Hildur hefur áralanga reynslu af leikskólastarfi sem leikskólakennari, leikskólastjóri og leikskólaráðgjafi. Hún hefur sótt fjölda ráðstefna og námskeiða, skrifað greinar m.a. um könnunarleikinn og innra mat leikskóla. Hildur hefur haldið námskeið m.a. um innra mat í leikskólanum og gefið út matsaðferðina Barnið í brennidepli (2005).